



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

## STARFSLEYFI

fyrir leikskóla (Leikskólinn Klambrar) með sex deildum og mótuneyti að Háteigsvegi 33, F2250675, rými 01 0101.

Nafn leyfishafa: Reykjavíkurborgar (skóla- og frístundasvið)

Heimilisfang: Ráðhúsið Póstnúmer: 101

Kennitala: 530269-7609

Útgáfudagur leyfis: 12. júní 2025

Gildir til: 12. júní 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir leikskóla*.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 12. júní 2025

  
HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
REYKJAVÍKUR



## Reykjavíkurborg

kt. 530269-7609

Borgartún 12-14

vegna Leikskólans Klambra að Háteigsvegi 33.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

<b>Dags. umsóknar.</b> <b>Sjá kafla 1. hér að neðan.</b>	11.03.2025
<b>Rekstraraðili, kt.</b>	Reykjavíkurborg, skóla og frístundasvið kt. 530269-7609
<b>Heiti fyrirtækis</b>	Leikskólinn Klambrar
<b>Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.</b>	Háteigsvegur 33, F2250675, 01 0101, 010102, 01 0103
<b>Tegund starfsemi</b>	Skólahúsnæði sbr. tölulið 41. í viðauka við reglugerð nr. 903/2024.
<b>Tilfni umsóknar</b>	Breyting á húsnæði
<b>Staðfesting á samþykki byggingarfulltrúa og samræmi við skipulag. Sjá kafla 2. að neðan.</b>	Vottorð um lokaúttekt barst 14. apríl 2025.
<b>Dags. birtingar auglýsingar, efni tillögunnar, hvar hún var birt og frestur til athugasemda. Sjá kafla 4. hér að neðan.</b>	Auglýsing birt 08.05.2025 – frestur til athugasemda var til 05.06.2025
<b>Athugasemdir sem bárust. Hafi athugasemdir borist er gerð grein fyrir þeim í kafla 5. hér að neðan.</b>	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma
<b>Hafi verið gerðar breytingar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu er gerð grein fyrir því í kafla 6. hér að neðan.</b>	Engar breytingar voru gerðar á auglýstri tillögu að starfsleyfi.
<b>Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla. Sjá kafla 7. hér að neðan.</b>	Umsóknin var lögð fyrir 1836 afgreiðslufund HER þann 12.06.2025. Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára.



## 1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsókn var metin fullnægjandi.

## 2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggja fyrir og starfsemin standist skipulag. Vottorð um lokaúttekt hefur borist HER.

## 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megi nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi er auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/starfsleyfi-i-auglysingu-samkvaemt-reglugerd-nr-9032024>.

## 4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

## 5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

## 6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, var ofangreind starfsleyfisumsókn lögð fyrir afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til afgreiðslu.



## 7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Dags. 15. júlí 2025

Kolbrún Georgsdóttir heilbrigðisfulltrúi,  
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur